

# Evrópuvika gegn rásisma

## Upplýsingar fyrir félagasamtök og verkþættir fyrir þátttöku

Hinn **21. mars** hefur verið útnefndur sem **alþjóðadagur gegn kynþáttamisrétti**. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valdi þessa dagsetningu til að minnast 69 mótmælenda sem myrtir voru 21. mars árið 1960 er þeir tóku þátt í mótmælum gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku.

Samtökin sem halda utan um Evrópuvikuna heita **United Against Racism** og á [heimasíðu](#) þeirra (eða [hér](#)) er hægt að finna allar frekari upplýsingar um 21. mars sem og Evrópuvikuna. Þar er einnig að finna upplýsingar um hvernig dagskráin fer fram í öðrum löndum Evrópu á hverju ári. Dagana í kringum 21. mars hafa þúsundir manna komið saman eða staðið að ýmsum viðburðum til að kveða niður kynþáttafordóma og misrétti í álfunni.

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti hverfist um alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti og miðar að því að uppræta þröngsýni, fordóma og þjóðernishyggju í Evrópu. Markmiðið er að byggja Evrópusamfélag víðsýni og samkenndar þar sem allir eru jafnir, óháð útliti og uppruna.

**Mannréttindaskrifstofan** hefur haldið utan um vikuna hér á landi og hefur í ár falið Chanel Björk hjá [Mannflórunni](#) það hlutverk að skipuleggja viðburði og uppákomur í vikunni.

Við höfum lagt upp úr því að vinna með ungu fólki og unnið verkefnið í samstarfi við ýmis æskulýðssamtök og hefur markmiðið verið að fræða ungt fólk um fjölbreytileika samfélagsins ásamt því að vekja þau til umhugsunar um þá fordóma sem er að finna þar. Síðan hafa ungmennin tekið þátt í viðburði þar sem þau dreifa boðskapnum áfram.

Á næstu síðum eru upplýsingar um **verkefnin** sem munu fara fram á þessu ári og **mögulega verkþætti** fyrir samtök sem hafa áhuga á þátttöku. Við hvetjum alla áhugasama um Evrópuvikuna að [hafa samband við Chanel Björk](#) eða kynna sér hana nánar á vef á [facebook síðu átaksins](#) hér á land.

## Verkefni og verkþættir



### Hönd í hönd

Samstarfsverkefni með grunnskólum á landinu öllu þar sem nemendur og starfsfólk gefst tækifæri til að taka þátt með því að taka hönd í hönd í kringum skólabyggingar sínar til að sýna samstöðu með margbreytileika.

### Verkþættir:

- Hafa samband við alla grunnskóla á landinu (Chanel @ Mannflóran)



### Póstkortaverkefni

Ýmsir hópar ungs fólks gefast tækifæri til að taka þátt með því að skrifa skilaboð á póstkort sem hvatning til samstöðu gegn kynþáttafordómum. Póstkortin eru send til handahófsvalinna viðtakenda í Evrópuvikunni og viðtakendum er boðið að taka þátt í samstöðunni með því að taka mynd af sér með skilaboðunum undir myllumerkinu #hondihond.

### Verkþættir: (CALL TO ACTION)

- Dreifa póstkort á þátttöku-aðila í upphafi vikunnar, 16. mars (Chanel @ Mannflóran)
- Skipulag á viðburðum/samkomustundum þar sem ungmenni gefst tækifæri til að skrifa skilaboð á póstkortin (ungliðahreyfingar, æskulýðsfélög, íþróttafélög, félagasamtök sem starfa með ungmenni)
- Senda póstkort á handahófskennda viðtakenda (Chanel @ Mannflóran)

### Aðsendar greinar á fréttamiðla

Samstarfsaðilar að Evrópuviku geta tekið þátt með því að senda inn greinar sem verða senda áfram á fréttamiðla til að birtingu meðan á Evrópuviku stendur. Mikilvægt er að greinarnar snúa að markmiðum vikunnar sem eru að uppræta þröngsýni, fordóma og þjóðernishyggju og byggja samfélag með víðsýni og samkennd þar sem allir eru jafnir, óháð útliti og uppruna. Chanel Björk og Mannréttindaskrifstofa Íslands fara með ritstjórn á greinunum áður en þær eru sendar á fréttamiðla.

Eftirfarandi samtök hafa sýnt áhuga á að skrifa aðsenda grein: Rauði Krossinn og Hennar rödd.

Verkþættir: (CALL TO ACTION)

- Skrifa grein sem snýr að markmiðum Evrópuvikunnar gegn kynþáttamisrétti, senda á [mannfloran@mannfloran.is](mailto:mannfloran@mannfloran.is) fyrir föstudaginn 10. Mars

### Lestarrhópar með and-rasískum bókum

Borgarbókasafnið lagði til á undirbúnings-fundinum skipulag á lestrarhópum fyrir grunnskólanemendum þar sem þeim gefst tækifæri til að lesa og ræða bækur sem snúa að and-rasisma (anti-racism). Dæmi um bók sem væri lesin er “Our Skin: A First Conversation About Race” eftir Jessica Ralli and Megan Madison.

Verkþættir: (CALL TO ACTION)

- Tengja grunnskóla og borgarbókasafnið saman (Chanel @ Mannflóran)
- Skipulag á mismunandi lestrarhópum eftir aldur (Borgarbókasafnið)
- Möguleiki á að bæta við viðburðum með öðrum samstarfsaðilum, hafið samband við [mannfloran@mannfloran.is](mailto:mannfloran@mannfloran.is) ef samtökin ykkar hafa áhuga á að skipuleggja lestrarhóp með Borgarbókasafninu. Lestarrhóparnir þurfa ekki að vera einungis fyrir ungmenni.

### Önnur verkefni

- Á undirbúnings-fundinum var rætt um skipulagningu á **vinnustofu** um and-rasisma þar sem þátttakendum myndi gefast tækifæri til að þróa færni í því að taka meðvitað á kynþáttamisrétti, við leitum til félagasamtaka og stofnanna til að kanna áhuga á skipulagningu á þessari vinnustofu. Áhugasöm geta haft samband við [mannfloran@mannfloran.is](mailto:mannfloran@mannfloran.is)
- Áður fyrr hefur **Hönnunarkeppni** um lógó Evrópuvikunnar hér á landi verið haldin, til dæmis með nemendum í LHÍ. Samtök sem hafa áhuga á þátttöku í hönnunarkeppni mega hafa samband við [mannfloran@mannfloran.is](mailto:mannfloran@mannfloran.is)
- Borgarbókasafnið hefur einnig áhuga á **þýðingu á bókum um and-rasisma** og leitar eftir samstarfsaðilum, áhugasöm mega hafa samband við [mannfloran@mannfloran.is](mailto:mannfloran@mannfloran.is)